

haft holdleg mök við barnsmóður, bæði fyrir og eftir þann tíma, er fyrr greinir, og vegna þessa, og af því að skýrsla barnsmóður um fyrstu kynni þeirra og samfarir eigi beri heim hver við aðra, hefir kærður krafizt þess að blóðrannsókn læknis skeri úr því, hvort hann geti verið faðir barns þessa eða eigi. — Með hliðsjón af framlögðu bréfi lögmanns Reykjavíkur, um vandkvæði á framkvæmd blóðrannsóknar yfirhöfuð, dags. 20. f. m., sem og eigi er gert ráð fyrir sem sönnunargagni að lögum, og enginn maður sérstaklega er til þess löggiltur, og loks að slík rannsókn er svo kostnaðarsöm, að aðiljum er um megn í flestum tilfellum að greiða þann kostnað, þykir eigi rétt vera, og heldur eigi eftir atvikum nauðsynlegt, að fara eftir árangri rannsóknar þessarar, enda hún sem stendur óframkvæmanleg hér á landi, og loks barnsmóðir henni mótfallin vegna heilsufars barnsins, að hennar álit. — Þar á móti þykir rétt vera, eftir því er að framan greinir, að láta úrslit málsins, með hliðsjón af ákvæðum 15. gr. laga nr. 46, 27. júní 1921, um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna, vera undir því komin, hvort kærandi máls þessa staðfesti þann framburð sinn með eiði, að kærður og enginn annar sé eða geti verið faðir að umgetnu barni, eða eigi.

Mánudaginn 11. jan. 1932.

Nr. 54/1931. **Hreppsnefnd Andakílshrepps**

(Pétur Magnússon).

gegn

landlækni Íslands (Jón Ásbjörnsson).

Um starfsvæði minningarsjóðs, samkv. ákvæðum arfleiðsluskrár stofnandans.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 11. dezbr. 1930: Stefnður, Guðmundur Björnson landlæknir, skal vera sýkn af kröfum stefnandans, Péturs Magnússonar hrm., f. h. hreppsnefndar Andakílshrepps í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi hefir krafizt þess fyrir hæstarétti, að viðurkennt verði með dómi, að „Minningarsjóður Guðrúnar Teitsdóttur“, sem mál þetta er risið út af, skuli teljast eign Andakílshrepps og eigi annara eða að starfsvæði sjóðsins sé Andakílshreppur einn. Svo hefir hann og krafizt málskostnaðar fyrir undirrétti og hæstarétti eftir mati réttarins.

Í arfleiðsluskrá sjóðstofnandans, Teits Hannessonar, dags. 7. júní 1919, eru þau ein ákvæði um starfssvæði sjóðsins, að honum skuli verja til að bæta úr böli þeirra, sem bágt eiga í nágrenni við heimkynni móður hans, og ennfremur, að sjóðnum skuli varið til að hjálpa bágstöddum í nágrenni við Hvitárós í Andakílshreppi, en á bænum Hvitárósi, er liggur í vesturjaðri Andakílshrepps, var móðir sjóðstofnandans fædd og uppalin. Með þessum ákvæðum arfleiðsluskrárinnar eru að visu starfsvæði sjóðsins sett allþröng takmörk, en það er þó eigi heimilt að leggja þann skilning í þau, að rétt sé og skylt að einskorða starfsvæði sjóðsins við Andakílshrepp einan. Það verður því að sýkna stefnda af kröfum áfrýjanda og staðfesta dóminn.

Stefndi hefir fengið gjafvörn fyrir hæstarétti og sér skipaðan málflutningsmann og verður eftir framangreindum úrslitum málsins að dæma áfrýjanda til að greiða málflutningslaun hans, er ákveðast 120 kr.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða bæjarþingsdómi skal óraskað. Áfrýjandinn, hreppsnefnd Andakílshrepps, greiði málsvarnarlaun til talsmanns

stefnda fyrir hæstarétti, málflutningsmanns Jóns Ásbjörnssonar, 120 kr., að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Málavextir í máli þessu eru þeir, að með arfleiðsluskrá, dags. 7. júní 1919, ákvað islenzskur maður að nafni Teitur Hannesson, til heimilis í Whatcom County Washington í Vesturheimi, að stofna skyldi sjóð af öllum eftirlátnum eigum hans til minningar um látna móður hans, og skyldi sjóðurinn bera nafn hennar og heita „Minningar-sjóður Guðrúnar Teitsdóttur“. Í arfleiðsluskránni, sem fyrirbyggur í eftirriti í málinu, er svo ákveðið, að afhenda skyldi, þegar búið væri að koma eignunum í peninga og greiða áhvilandi skuldir, landlækninum á Íslandi féð, og skal hann og eftirmenn hans geyma sjóðinn um aldur og æfi og verja honum eftir fyrirmælum erfðaskrárinnar. En í 2. gr. hennar segir svo um tilgang og starfsvæði sjóðsins, að honum skuli verja til þess að bæta úr böli þeirra, sem bágt eiga í nágrenni (in the vicinity) við heimkynni móður arfleifanda og er sama hugsunin endurtekin í 3. gr. með þeim orðum, að fénu skuli varið til hjálpar bágstöddum í nágrenni við Hvitárós í Andakilshreppi í Borgarfjarðarsýslu á Íslandi.

Hinn 5. apríl 1927 lést arfleifandinn, Teitur Hannesson, og var landlækninum síðan, eftir að búið var að koma eignunum í peninga, afhent féð og mun það hafa numið kringum kr. 20000,00.

14. maí 1928 hélt landlæknirinn síðan fund á Hvitárvöllum með hreppsnefnd Andakilshrepps í Borgarfjarðarsýslu og lýsti þá yfir því, að hann skildi erfðaskrána svo, að sjóðurinn væri eign Andakilshrepps og ekki annara. En síðar ákvað landlæknirinn að láta sjóðinn ná til allrar Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, og auglýsti þá ráðstöfun í Lögbirtingablaðinu, ásamt reglum þeim, er gilda skyldu um styrkveitingar úr sjóðnum. Þessa síðari ákvörðun landlæknisins telur hreppsnefnd Andakilshrepps ekki vera í samræmi við ákvæði erfðaskrárinnar og vilja gef-

andans og hefir Pétur Magnússon hrm. hér í bæ, f. h. hreppsnefndarinnar, höfðað mál þetta hér fyrir bæjarþinginu, eftir árangurslausa sáttaumleitan, með stefnu, útgefinni 14. maí s. l., gegn landlækninum á Íslandi, Guðmundi Björnson, og gert þær réttarkröfur í því, að viðurkennt verði með dómi réttarins, að nefndur „Minningar-sjóður Guðrúnar Teitsdóttur“, skuli teljast eign Andakíls-hrepps og eigi annara. Svo krefst stefnandi og málskostnaðar hjá stefndum að skaðlausu.

Kröfu sína rökstyður stefnandi með því, að enda þótt ekki sé með berum orðum í erfðaskránni tiltekið yfir hvaða svæði sjóðnum sé ætlað að ná, þá sé sennilegast að fyrir arfleifandanum hafi vakað að láta sjóðinn aðeins ná til íbúa Andakílshrepps. Í þeirri sveit hafi hann verið fæddur og uppalinn svo og foreldrar hans, er aldrei hafi átt annarsstaðar heima, og sé því líklegt, að hann hafi þegar af þeirri ástæðu hugsað sérstaklega hlýtt til þessara æskustöðva sinna, enda muni það og almennast, að áttþagaást manna beinist aðallega að þeirri sveit, er þeir alast upp í. Þá bendir stefndi og á það, að heimkynni móður arfleifanda hafi alla æfi verið 2 bæir í Andakíls-hreppi og annar þessara Hvitárós, sem var fæðingarstaður hennar, og þar sem arfleifandi noti um fjarlægðina orðið „vicinity“ (nágrenni) þá sé mjög ólíklegt að hann hafi hugsað sér starfsvæði sjóðsins eins stórt og stefndur hefir ákveðið, því umrætt orð muni aðeins notað um næsta nágrenni tiltekins staðar.

Stefndur, sem fengið hefir gjafvörn í málinu, með bréfi dómismálaráðuneytisins, dags. 19. júní s.l., hefir mótmælt kröfum stefnanda og krafizt sýknu af þeim, og málskostnaðar hjá honum að skaðlausu eftir mati réttarins.

Telur stefndur framangreinda skoðun stefnanda, að sjóðurinn eigi aðeins að ná til Andakílshrepps, ekki hafa frekari stoð í ákvæðum erfðaskrárinnar um starfsvæði sjóðsins, en þá ákvörðun sína, að sjóðurinn nái til allrar Mýra- og Borgarfjarðarsýslu. Lítur hann svo á, að þó að þeir tveir bæir, sem voru heimkynni móður arfleifanda, séu innan Andakílshrepps, skeri það ekki úr, heldur hitt hvað arfleifandinn hafi hugsað sér nágrennið („the vicinity“) viðtækt. En nú hafi orðið „nágrenni“ mjög óákveðna merkingu. Því fjær, sem maður sá er talar um ná-

grenni tiltekins staðar sé þeim stað, því stærra svæði telji hann til nágrenni staðarins. Sé því mjög ólíklegt, að arfleifandinn, vestur í Ameríku, hafi með orðinu nágrenni miðað við hreppamörk Andakílshrepps. Þá megi og gera ráð fyrir því, enda þótt ekkert sé tekið fram um það í erfðaskránni, að arfleifandinn hafi haft í huga, að skyldmenni hans nytu styrks úr sjóðnum, en þau séu dreifð um alla Mýra- og Borgarfjarðarsýslu.

Það verður nú, eftir því sem fyrir liggur, ekki skorið úr með vissu, hve vítt starfsvæði arfleifandinn hefir ætlast til að umræddur sjóður hefði. Má í því sambandi geta þess, að stefndur hefir lagt fram bréf til sín, er hann fékk eftir Hvitárvallafundinn frá arfsráðstafanda Teits heitins, J. Stephensen, en í því segir, að Teitur muni hafa ætlazt til að sjóðurinn næði til alls landsins. Ekki virðist heldur eftir því sem rakið hefir verið hér að framan, að skoðun stefnanda um starfsvæði sjóðsins hafi frekari stoð í orðalagi arfleiðsluskrárinnar en ákvörðun stefnds um að láta sjóðinn ná til Mýra- og Borgarfjarðarsýslu allrar. Þykir því verða að fallast á það hjá stefndum, að ekki liggi næg rök til þess, að dómstólarnir geti hnekk ákvörðun hans um starfsvæði sjóðsins, enda virðist eðlilegast og í beztu samræmi við vilja arfleifanda, að stefndur ákveði það, þar sem honum og eftirmönnum hans er í erfðaskránni falið um aldur og æfi að geyma sjóðinn og ráða því hverjir verði styrks aðnjótandi úr honum. Og þó stefndur hafi í upphafi álitid og ætlast til að sjóðurinn skyldi aðeins ná til Andakílshrepps eins, þá getur rétturinn ekki fallizt á það hjá stefnanda, að stefndur sé endanlega bundinn við þá fyrirætlun sína, heldur hafi honum borið skylda til að breyta þeirri ákvörðun þegar hann við nánari athugun og að fengnum upplýsingum frá arfsráðstafanda arfleifanda í Vesturheimi, hafði ástæðu til að ætla, að arfleifandi hefði hugsað sjóðnum stærra starfsvæði.

Úrslit máls þessa verða því samkvæmt framansögðu þau, að stefndur verður algerlega sýknaður af kröfum stefnanda í málinu, en eftir atvikum þykir rétt að láta málskostnað falla niður.

Málflutningur gjafvarnarhafa er vítalaus.